



# Frá Kenýa í læknisfræði

Alma Glóð Kristbergsdóttir er sérnámsgrunnlæknir á Landspítala. Leið hennar að læknisfræðinni er í senn óhefðbundin og heillandi. Það var undir lok menntaskóla sem hún áttaði sig á því hvert hugurinn stefndi, hana langaði til þess að hjálpa fólki. Það var svo tveggja mánaða dvöl í Kenýa sem veitti henni fullvissu um að stefnan væri rétt. Alma Glóð var gestur Læknablaðsins, en hér að neðan er stuttur pistill sem hún sjálf skrifaði um upplifun sína en ítarlegri frásögn má heyrja í hlaðvarpinu

■■■ Kristborg Bóel Steindórsdóttir

Áhugi okkar á læknisfræði kviknar á mismunandi tímum og af misjöfnum ástæðum. Minn áhugi hófst fyrir tíu árum í Kenýa, þá níttján ára og óviss hvort ég hefði í raun áhuga á læknisfræði. Eftir útskrift úr menntaskóla bauðst mér að fara til Kenýa í sjálfboðastarf, ég ákvað að nýta tækifærið og upplifa nýja hluti í annarri heimsálfu áður en alvara lífsins tæki við. Ég stefndi að því að þreyta inntökuprófið í læknisfræði nokkrum mánuðum síðar. Aldrei hefði mér dottið í hug hve mikið líf mitt myndi breytast við þessa ferð og markaði hún í raun upphafið að þeirri manneskju sem ég er í dag.

## Leðurlökur flögruðu yfir rúminu

Í þorpinu við Viktoríuvatn bjó ég í litlu húsi án rennandi vatns og með óáreiðanlegu rafmagni. Í þakinu bjuggu leðurlökur sem flögruðu yfir rúminu mínu á kvöldin og nóttunni. Ég fékk að mæta á sjúkrahúsið í þorpinu á hverjum degi, en þó að ég hafi verið í öðrum erindagjörðum, þá kallaði sjúkrahúsið ætíð meira á mig. Hér á Íslandi væri varla talað um sjúkrahús, þar var þó heilsugæsla, legudeild, fæðingardeild og lítil rannsóknarstofa. Þar var ekki hægt að framkvæma skurðaðgerðir, myndgreiningar eða stærri inngrip við fæðingar. Næsta stóra

sjúkrahús var í tveggja klukkustunda fjarlægð.

## Alma Glóð eignaðist nöfnu

Ég kunni lítið í læknisfræði en var þó leyft að vera með í amstri dagsins á spítalanum. Augljóst var að starfsfólkið nýtti sér öll tæki og tól sem það þó hafði aðgang að og vildu skjólstæðingum sínum sannarlega vel. Það var ein deild sem kallaði meira á mig en aðrar en það var fæðingardeildin, hún var mjög ólík því sem við erum vön hér á landi. Ekki var í boði að fá deyfingu eða stærri inngrip. Engar einkastofur voru til taks og stundum voru fleiri en ein kona að fæða börnin sín í sama rýminu. Ég fylgdist með þeim fæða börnin sín nær hjálparlaust og var alveg magnað að sjá hvernig þær báru sig að. Síðasta daginn minn í þorpinu fæddist lítil stúlka sem hlaut nafnið Alma.

## One way ticket til Kenýa


Ég hélt að ég myndi aldrei fara aftur til Kenýa eftir þessa ferð en eftir að hafa þreytt inntökuprófið í annað sinn án þess að komast inn keypti ég mér miða aðra leið og bjó þar í sex mánuði. Sú dvöl var af öðrum toga en þar bjó ég á heimili fyrir ungar mæður sem vildu halda áfram að mennta sig. Þar kynntist

ég ungum stelpum sem höfðu gengið í gegnum alls kyns mismunandi erfiðleika en héldu ótrauðar áfram að mennta sig. Það reyndist mér erfitt að kveðja börnin og stelpurnar en inntökuprófið kallaði á mig og ég tók það í þriðja og síðasta sinn. Ég er loksins komin inn í lækna-deild og þakklát fyrir að hafa ekki gefist upp.

## Fór í frjösemissmeðferð í Nairobi

Áhugi minn á fæðingum hafði ekki minnkað og tók ég ákvörðun að fara til Jórdaníu í skiptinám eftir fyrsta árið í lækna-deild. Í Amman var ég á fæðingar-deild í fjórar vikur og fylgdist með mörgum fæðingum, um fæðingarveg og með keisaraskurði. Sjúkrahúsinu The Specialty Hospital sem ég dvaldi á svipaði til sjúkrahúsa sem við erum vön á Norðurlöndunum. Á fæðingardeildinni unnu nánast eingöngu konur, sterkar, flottar konur sem höfðu sjáanlegan áhuga á sínu fagi.

Þaðan flaug ég til Kenýa að heim-sækja góða vini og elta draum minn um að verða móðir. Ég hafði tekið þá stóru ákvörðun að eignast barn ein með gjafasæði. Reynsla mín af að vinna með ungum mæðrum og að umgangast unga-börn var stór hluti af ákvörðuninni. Ég valdi frjösemissklíník í Nairobi vegna



Alma Glóð á leið á skurðstofu.



Alma Glóð varði valtímabili á 6. ári læknadeildar Háskóla Íslands á Kiambu sjúkrahúsinu í Kenía.

langra biðlista heima á Íslandi, þá gat ég farið í meðferð á ákjósanlegum tíma námslega séð. Ég eignaðist lítinn dreng, Mána Blæ, í lok annars árs í náminu, en meðganga og fæðing gengu eins og í sögu.

### Upplifði íslenskt heilbrigðiskerfi samtímis sem nemi og aðstandandi

Tíu vikum síðar breyttist orlofið í annars konar ummönnunarstarf en þá greindist mamma með alvarlegt krabbamein, á hápunkti COVID-faraldursins. Hún bjó hjá okkur á þessum tíma, sem var mjög krefjandi með lítið barn en á sama tíma hefði ég ekki viljað hafa þetta öðruvísi. Ég fékk að upplifa heilbrigðiskerfið á Íslandi frá hlið aðstandanda, upplifði það sem gott var og það sem mætti betur fara. Mamma svaraði meðferð mun betur en ætla mætti og er í dag minn helsti stuðningsaðili.


Tveimur árum síðar, þegar ég var á fjórða ári í náminu, veiktist pabbi alvarlega. Hann lá lengi inni á Landspítala, á deildum þar sem ég var sjálf í verknámi, sat fundi þar sem hans mál voru rædd, ekki sem aðstandandi heldur nemi. Samnemendur skrifuðu dagálana hans og ég var föst á milli tveggja hlutverka, sem nemi og sem barn innliggjandi skjólstaðings. Hann náði ekki að sigrast á



Starfsmannaklósettið á sjúkrahúsinu í Kiambu.



Fæðingarstofan, allt að þrjár saman að fæða.



Komin í staðalbúnaðinn í fæðingum sem líka eru stígvél.



Hér eru konurnar í hriðum, fyrir fæðingu barnsins.



Skoðunarherbergið á kvemnadeildinni á sjúkrahúsinu í Kiambu.



Aðstaðan fyrir kvenskoðun á kvemnadeild sjúkrahússins í Kiambu.



Gjörgæsludeild sjúkrahússins í Kiambu.



Safari í Nairobi þjóðgarðinum.



Diani ströndin í Kenía er falleg.



David Sheldrik stofnunin í Nairobi bjargar munaðarlausum filum og sleppir aftur út í náttúruna þegar þeir eru tilbúinir.

**Ekki var í boði að fá deyfingu eða stærri inngrip. Engar einkastofur voru til taks og stundum voru fleiri en ein kona að fæða börnin sín í sama rýminu. Ég fylgdist með þeim fæða börnin sín nær hjálparlaust og var alveg magnað að sjá hvernig þær báru sig að.**

sínum veikindum og lést á Landspítalanum. Það átti eftir að setjast þungt á mig og tók langan tíma og mikla sjálfsvinnu að mæta aftur á spítalann með sama eldmóði og áður. Um tíma gat ég ekki farið á ákveðnar deildir og vildi helst hætta í náminu. Ég veit þó að pabbi hefði aldrei sætt sig við það.

### „Ég gafst ekki upp þrátt fyrir röð áfalla“

Enn eitt ævintýrið tók við þegar ég fór á valtmabilið á sjötta ári, en þá fórum ég og strákurinn minn saman í annað sinn til Kenýa. Nú var ég á leið í verknám á fæðingadeild á stórum ríkisrekrum spítala þar sem voru um 40 fæðingar á dag. Á meðan fór strákurinn minn í lítinn skóla, hann kunnir ekkert í ensku fyrir og var ótrúlegt að sjá hann skilja meira með hverjum deginum.

Ég gafst ekki upp þrátt fyrir röð áfalla og krefjandi tíma, fann svo aftur ánægjuna í læknisfræðinni eftir að hafa misst pabba. Ég er þakklát fyrir allan stuðninginn sem ég hef fengið frá þeim sem standa mér næst í gegnum námið og mér tókst að útskrifast vorið 2025. Í dag er ég lækni í sérnámsgrunni, ennþá að móta mig sem lækni. Eitt er þó víst að ég er þakklát fyrir alla mína reynslu. Að hafa verið aðstandandi hefur hjálpað mér að setja mig í spor skjólstæðinga minna og hefur hjálpað mér að verða lækni sem ég stefni á að verða. Ég er ekki tilbúin að sleppa tókunum á Afríku og væri draumur að fá að starfa þar í fleiri löndum, en hvenær það verður veit ég ekki. Ég er heldur ekki tilbúin að sleppa tókunum á fæðingum og leitar hugurinn meira að því sviði. Ég reyni þó að taka einn dag í einu og njóta þess núna að fá að starfa innan mismunandi sviða spítalans og læra nýja hluti á hverjum degi.